

**Nd.**

**597. Frumvarp til laga**

**[67. mál]**

um breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

**1. gr.**

4. töluliður 8. gr. laganna falli niður.

**2. gr.**

9. gr. laganna orðist svo:

Styrkur íþróttasjóðs til íþróttamannvirkja skal nema 25—40 af hundraði áætlaðs stofnkostnaðar íþróttamannvirkis. Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki íþróttanefndar og menntamálaráðuneytis. Um kostnaðaráætlun og annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal, svo sem við á, fylgt ákvæðum laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum, sem um styrki sækja, ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

**3. gr.**

10. gr. laganna orðist svo:

Setja skal reglugerð, að fengnum tillögum íþróttanefndar, um þau atriði, sem um getur í 9. gr., svo og um viðmiðunartölur styrkveitinga til einstakra tegunda íþróttamannvirkja.

Setja skal reglur um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun, og skulu þær reglur staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennt afnota, eftir því sem við verður komið, en eigi má nota þau til þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþróttar.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.